Tilkynning til
hreppsnefndar Skorradalshrepps

Skorradal, 19. desember 2023

Undirrituð tilkynna hér með fyrirhugaða undirskriftasöfnun meðal þeirra sem kosningarétt eiga í Skorradalshreppi (sbr. 1. mgr. 108. gr laga nr. 138/2011). Með vísan til 2. gr. reglugerðar nr. 154/2013 er hér staðfest að undirrituð bera ábyrgð á söfnuninni og munu afhenda Þjóðskrá niðurstöðu hennar.

Tilefni undirskriftasöfnunarinnar er að óska eftir borgarafundi um sameiningarmál Skorradalshrepps við önnur sveitarfélög þar sem við teljum að *gleymst hafi að vinna þá heimavinnu* sem felst í **samráði og samtali íbúa með valkostagreiningu**, áður en 3/5 hreppsnefndarmanna ákvað þann 18. desember 2023 að ganga til óformlegra viðræðna við Borgarbyggð.

Yfirskrift undirskriftasöfnunarinnar verður beiðni um að fram fari íbúafundur innan tveggja vikna frá afhendingu undirskriftalista þar sem tækifæri gefist til skoðanaskipta um sameiningarmál, sem og fyrirspurna til hreppsnefndar um *hennar sýn* á fýsileika sameiningar við önnur sveitarfélög.

Til áréttingar vísum við í verklag um sameiningar sveitarfélaga á vef Stjórnarráðsins: https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/sveitarstjornarmal/sameining/sameining/
Þar segir m.a.
„Góð valkostagreining felur í sér virka þátttöku kjörinna fulltrúa, starfsfólks og íbúa í sveitarfélaginu. “

Virðingarfyllst,

Gunnar A. Rögnvaldsson
kt. 301056-4519
Dagverðarnesi 72.

K. Hulda Guðmundsdóttir
kt. 040560-2709
Fitjum.